

FRÁSÖGN

af heimsókn umhverfis- og samgöngunefndar til Bretlands.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis ferðaðist til Englands og Skotlands dagana 17.–20. janúar 2023 til að kynna sér málefni vindorku, þjóðgarða og friðlanda og almenningssamgöngur. Þátttakendur voru Vilhjálmur Árnason, formaður, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 1. varaformaður, Andrés Ingi Jónsson, Halla Signý Kristjánsdóttir, Ingibjörg Isaksen, Njáll Trausti Friðbertsson, Orri Páll Jóhannsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Bergþór Ólason, áheyrnarfulltrúi, og Jakob Frimann Magnússon, áheyrnarfulltrúi. Inga Skarphéðinsdóttir, nefndarritari, og Arnar Kári Axelsson, lögfræðingur, fylgdu nefndinni í ferðina.

Vindorka.

Eitt af markmiðum ferðarinnar var að nefndin fengi kynningu á stefnu skoskra stjórnvalda og löggjöf um nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, sér í lagi vindorku. Þá myndi nefndin kynna sér uppbyggingu vindorkuvera þar í landi. Samkvæmt endurskoðaðri þingmálaskrá er gert ráð fyrir að frumvarp til laga um vindorku verði lagt fram 31. mars næstkomandi.

Edinborg.

Í Edinborg í Skotlandi heimsótti nefndin skoska þjóðþingið. Þar átti nefndin fund með nefnd um orku- og samgöngumál (e. *Net Zero, Energy and Transport Committee*) um málefni vindorku og þjóðgarða og þjóðlendna. M.a. var farið yfir það hvaða lærdóm megi draga af reynslu Skota við uppbyggingu vindorkuvera og mikilvægi þess að framkvæmdir séu unnar í samráði við nærliggjandi samfélög. Einnig var rætt um kröfur byggingarreglugerðar á Íslandi varðandi einangrun húsa. Fundurinn fór fram í fundarherbergi þingnefndarinnar í skoska þinghúsinu 17. janúar og þar funduðu með umhverfis- og samgöngunefnd þingmennirnir Edward Mountain, formaður, Fiona Hyslop, Jackie Dunbar, Liam Kerr, Monica Lennon, Ash Regan og Mark Ruskell.

Edward Mountain bauð nefndinni í hádegisverð í þinghúsinu. Að honum loknum fundaði nefndin með þingmönnum Paul McLennan, Sarah Boyack, Jenni Minto og Brian Whittle sem eiga sæti í þingmannanefnd um endurnýjanlega orku og orkunýtni (e. *Cross-Party on Renewable Energy and Energy Efficiency*). Var þar m.a. rætt um mismunandi orkugjafa, staðsetningu vindorkuvera, muninn á vindorkuverum á landi (e. onshore) og á sjó (e. offshore), mikilvægi yfirsýnar stjórnvalda á málaflokkinn sem og þess að hugað sé að því að fjárfestingin verði arðbær fyrir nærliggjandi samfélög.

Nefndin fékk leiðsögn um þinghúsið og átti þar næst fund með Michael Matheson, ráðherra orku- og samgöngumála (e. Cabinet Secretary for Net Zero, Energy and Transport), og Angus Robertsson, ráðherra stjórnarskrár, utanríkismála og menningar (e. Cabinet Secretary for Constitution, External Affairs and Culture). Á fundinum var rætt um tengsl Íslands og Skotlands og framtíðarsýn skosku ríkisstjórnarinnar í orkumálum, m.a. vindorku. Fundurinn fór fram í fundarherbergi þingsins.

Í lok dags átti nefndin fund með Roger Crofts, fyrrverandi forstöðumanni skosku náttúruverndarstofnunarinnar (e. Nature Scot) og ráðgjafa í stefnumótun í umhverfismálum. Fundurinn fór fram á Radisson Blu hotel og var rætt um málefni þjóðgarða, m.a. stjórnsýslu þeirra.

Burnhead Moss vindorkuverið.

Nefndin heimsótti Burnhead Moss vindorkuverið 18. janúar. Vindorkuverið er í eigu EDF Renewables. Lindsey Southworth, Ross Shillinglaw, Andy Edgar og Ruth Shewan frá EDF Renewables tóku á móti nefndinni og funduðu með henni á Hilcroft Best Western Hotel í Bathgate. Ted Leeming ráðgjafi var einnig viðstaddur fundinn. Þar fékk nefndin kynningu á starfsemi fyrirtækisins. Þá var m.a. rætt um vindorkuver á landi og á sjó, umhverfismat og leyfisveitingar framkvæmda og tekjur sveitarfélaga eða nærsamfélaga af vindorkuframleiðslu. Að loknum fundi var ekið í vindorkugarðinn og skoðaði nefndin vindmyllur á svæðinu.

Þjóðgarðar.

Lagt var upp með að nefndin fengi fræðslu um málefni þjóðgarða í Skotlandi, m.a. um samspil verndarsvæða, þjóðgarða og samfélaga en ríkisstjórnin hefur m.a. sett sér það markmið að stofna þjóðgarða á þegar friðlýstum svæðum og segir í stjórnarsáttmálanum að áhersla verði lögð á samtal og samvinnu við heimamenn.

Loch Lomond & The Trossachs þjóðgarðurinn.

Nefndin heimsótti Loch Lomond & The Trossachs þjóðgarðinn 18. janúar 2023. Heather Reid, Stuart Mearns, Kenny Auld og Martin Earl tóku á móti nefndinni. Á fundinum var einnig Alasdair Eckersall frá National Trust for Scotland. Nefndin fékk kynningu á skipulagi og starfsemi þjóðgarðsins. Á fundinum var rætt um samsetningu og skipan stjórnar þjóðgarðsins og skipulag og uppbyggingu innviða, m.a. með hliðsjón af orkuskiptum í samgöngum og því að tryggja skuli aðgengi allra að þjóðgörðum óháð efnahag. Einnig var rætt um dreifingu ferðamanna um þjóðgarðinn og ferðaþjónustu og samfélög sem staðsett eru innan hans en um 15.600 manns búa í þjóðgarðinum. Að lokinni stuttri göngu í þjóðgarðinum fékk nefndin kynningu á starfsemi National Trust for Scotland.

Almenningssamgöngur.

Þá var markmið ferðarinnar að afla upplýsinga um uppbyggingu almenningssamgagna, m.a. þeirri uppbyggingu sem átti sér stað í tengslum við Ólympíuleikana í London árið 2012, umferðarstýringu og samþættingu almenningssamgangna. Samkvæmt endurskoðaðri þingmálaskrá er gert ráð fyrir að frumvarp til laga um almenningssamgöngur verði lagt fram 28. febrúar næstkomandi og tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 14. mars næstkomandi.

Glasgow.

Nefndin heimsótti ráðhúsið í Glasgow (e. Glasgow City Chambers) 19. janúar 2023. Þar tók forseti borgarstjórnar, Jacqueline McLaren, á móti nefndinni. Nefndin átti síðan fund með Angus Millar, borgarfulltrúa, og Deborah Paton, yfirmanni stefnumótunar í samgöngumálum (e. Head of Transport Strategy). Rætt var um áherslur skoskra stjórnvalda varðandi kolefnishlutleysi og markmið um 20% samdrátt í eknum kílómetrum í landinu fyrir árið 2030. Áherslur til að ná því markmiði eru að draga úr ferðum og nýta tæknilausnir, nýta frekar

nærþjónustu og stytta þar með ferðir eða nota virka ferðamáta eða almenningssamgöngur þegar kostur er. Þá fékk nefndin kynningu á stefnu borgarinnar í samgöngumálum, einkum hvað varðar almenningssamgöngur, og aðgerðum borgarinnar sem er ætlað að styrkja strætósamgöngur á svæðinu.

Nefndin fór í skoðunarferð um ráðhúsið og fékk kynningu um sögu þess og venjur. Að henni lokinni átti nefndin fund með Gordon Dickson frá Strathclyde Partnership for Transport sem er í eigu 12 bæjarráða (e. councils) á svæðinu og rekur stærstan hluta samgöngukerfisins í Glasgow. Á fundinum var m.a. rætt um uppbyggingu, fjármögnun og rekstur almenningssamgangna og áskoranir í kjölfar heimsfaraldurs COVID-19. Einnig var rætt um mikilvægi almenningssamgangna út frá loftgæðum og heilsufarssjónarmiðum.

London.

Nefndinni var boðið á morgunverðarfund í sendiráði Íslands í London 20. janúar. Sturla Sigurjónsson sendiherra og starfsfólk sendiráðsins tók á móti nefndinni. Auk nefndarmanna sátu fundinn Ruth Edwards, þingmaður, Sasha Abrahams frá loftlagsnefndinni (e. Climate Change Committee), Enrique Cornejo og Cameron Davies frá viðskipta- orku- og iðnaðarráðuneytinu (Department for Business, Energy & Industrial Strategy), Barney Wharton frá Renewables UK, Ed Birkett frá Onward, Zoe Avison frá Green Alliance og Esin Serin og Leo Mercer frá London School of Economics. Á fundinum var rætt um orkumál, m.a. húshitun, einangrun og betri orkunýtingu, vindorku og uppbyggingu vindorkuvera. Þá var rætt um samgöngur, m.a. almenningssamgöngur og rafvæðingu bílaflotans. Að lokum var rætt um kolefnisjöfnun, Carbfix-verkefnið á Íslandi og mikilvægi þess að koma í veg fyrir tvítalningu í losunarbókhaldi.

Þá heimsótti nefndin samgöngumiðstöðina í London (e. Transport for London). Paul O'Connor tók á móti nefndinni og kynnti stjórnstöð stofnunarinnar (e. Network Management Control Center). Að því loknu kynntu Mahalia Sterling og Alexander Baldwin-Smith samgönguáætlun London en þar er m.a. stefnt á að 80% ferða verði farnar gangandi, hjólandi eða með almenningssamgöngum fyrir árið 2040. Á fundinum var rætt um mismunandi samgöngumáta, m.a. stóraukningu hjólandi vegfarenda, uppbyggingu innviða fyrir almenningssamgöngur með áherslu á strætisvagna og aðgerðir til að auka öryggi vegfarenda, t.d. lækkun hámarkshraða og breytingu á gatnamótun.

Að lokum heimsótti nefndin samgönguráðuneytið í London (e. Department for Transport). Simon Argyle, sviðsstjóri skrifstofu Evrópumála og umbóta á regluverki (e. Deputy Director - Europe and Better Regulation), tók á móti nefndinni og kynnti starfsemi ráðuneytisins almennt, samskipti við Evrópusambandið og þær breytingar sem urðu á skipulagi málaflokksins við útgöngu Bretlands úr ESB. Að lokinni kynningu hans kynntu Simon James, Joshua Harris-Kirkwood og Fiona Walters verkefni starfshóps um loftgæði (e. Joint Air Quality Unit) á vegum ráðuneytisins og ráðuneytis umhverfis, matvæla og landsbyggðar (e. Department for Environment, Food & Rural Affairs). Á fundinum voru ræddar tilraunir starfshópsins til að draga úr losun köfnunarefnisdíoxíðs (NO²), m.a. með staðbundnum aðgerðum í samráði við svæðisbundin stjórnvöld til að lækka losun innan skilgreindra svæða (e. Clean Air Zones). Að lokum kynntu Matthew Crane, Alicia de Vries, Ben Ridehalgh, Caroline Barker og Patrick Malone starfsemi strætisvagnateymis ráðuneytisins, m.a. stefnu ríkisins í strætisvagnasamgöngum, breytingar á málaflokknum í ljósi COVID-19 og leiðir til þess að auka nýtingu samgöngumátans og draga úr losun strætisvagna á gróðurhúsalofttegundum.